



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið,
Samráðsgátt.

Kaupmannahöfn 31. janúar 2020

Umsögn um Landsáætlun í skógrækt, mál nr. 310/2019

Með tívísun í lýsingu fyrir gerð Landsáætlunar í skógrækt (LSK2020) óska ég eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Skortur á skýrt skilgreindum markmiðum með mismunandi skógrækt.

Það er fagnaðarefni að ráðast eigi í vinnu við landsáætlun í skógræk enda löngu tímabært. Lýsingin á ferlinu er að mörgu leyti metnaðarfull, en hún þarf að byggja á mun skýrari skilgreiningum á markmiðum mismunandi skógræktar. Einungis er gerður greinarmunur á náttúruskógum og öðrum skógum án þess að það sé skilgreint frekar. Með náttúruskógum er væntanlega verið að vísa í villta skóga og kjarris og með aukinni útbreiðslu náttúruskóga er væntanleg verið að vísa í vinnu við verndun þeirra og eindurheimt. Önnur skógrækt en verndun og endurheimt villtra skóga getur og á að hafa mismunandi nýtingarmarkmið, svo sem viðarframleiðslu, jólatrjáaframleiðslu, kolefnisbindingu, útivist og jafnvel landgræðslu ef ekki er gerð krafa um eingöngu innlendar tegundir. Hvert slíkt markmið krefst mismunandi inngripa og aðgerða, þó hægt sé að samræma sum þeirra í vissum tilvikum. Til að gefa dæmi þá þarf að velja staðsetningu plantekruskóga til viðar- eða jólatréframleiðslu vandlega með tilliti til náttúruverndar, líffræðilegs fjölbreytileika og landslagsheilda (ásýnd lands). Útivistarskógar fara hins vegar oft vel í nálægð við þéttbýli enda er oft búið að raska vistkerfum þar verulega.

Skortur á skilgreindum markmiðum mismunandi skógræktar í LSK2020 skýrist væntanlega af því að í lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019 þar sem kveðið er á um gerð þessarar landsáætlunar er heldur ekki að finna frekari aðgreiningu á markmiðum með skógrækt. Þetta er bagalegt og hætt við að vinnan að landsáætlun verði þar með afar ómarkviss. Ég hvet því nefndarmenn til að bæta úr þessu áður en lengra er haldið.

Samþætting mikilvæg

Það er einnig fagnaðarefni að þessi áætlun verði unnin samþætt við aðrar landsáætlanir um landnýtingu, landgræðslu og náttúruvernd og alþjóðlegar skuldbindingar. Þetta er afarmikilvægt atriði til samræmingar sjálfbærrar nýtingar lands og ekki síst í ljósi loftslagsbreytinga og afleiðinga þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni. Til að mynda ber að varast að ganga of hart fram við einfaldar lausnir til mótvægisáðgerða eins og kolefnisbindingu með stórfelldri plantekruræktunum framandi trjátegunda sem kunna að eyða búsvæðum innledra lifvera og draga þar með úr líffræðilegum fjölbreytileika. Ég hvet nefndarmenn til að gefa þessu sérstakan gaum í vinnunni að landsáætlun í skógrækt.

Ágengar tegundir


Enn fremur er það fagnaðarefni að ráðuneytið leggi áherslu á það í skipunarbréfi verkfnisstjórnar landsáætlunarinnar að "gerð verði sérstök grein fyrir notkun tegunda í skógrækt og tryggt að ekki verði

notaðar ágengar framandi tegundir". Meðal þeirra tegunda sem verið er að nota í stórum stíl í skógrækt á Íslandi í dag er að finna tegundir sem skilgreindar hafa verið ágengar í nágrannalöndum okkar. Sem dæmi má nefna eyða Norðmenn nú miklu fé til að stemma stigu við útbreiðslu sitkagrenis sem ógnar líffræðilegri fjölbreytini þar. Þá hefur stafafura víða reynst ágeng. Ég hvet nefndarmenn til að kynna sér sérstaklega reynslu Norðmanna og annarra af þessum tegundum til að koma í veg fyrir að við gerum sömu mistökin hér á landi með tilheyrandi kostnaði og/eða tapi á líffræðilegum fjölbreytileika.

Samráð

Það er góðs viti að nefndin hyggst hafa samráð við ýmsa hagaðila, ríkisstofnanir og félagasamtök. Það vakti hins vegar undrun mína að sjá ekki Háskóla Íslands, eitt stærsta fræðasamfélag landsins, eða einhverja af deildum skólans þar á meðal. Innan veggja HÍ er að finna öflugt fræðasamfélag á sviði náttúru- og félagsvísinda sem gagnlegt væri að hafa samráð við þegar móta á landsáætlun í skógrækt sem og öðrum málum.

Virðingarfyllt,



Ingibjörg Svala Jónsdóttir
Prófessor í vistfræði